

S A M Þ Y K K T

um sýsluvegasjóð í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

1. gr.

Í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega samkv. 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, samanber þó 52. gr. vegalaga nr. 71 frá 1963.

2. gr.

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Sýsluvegir eru:

Kolbeinsstaðahreppur:

1. Flesjustaðarvegur, af Stykkishólmsvegi vestan Brúarhrauns að Flesjustöðum.
2. Krossholtsvegur, af Hítarnesvegi að Krossholti.
3. Snorrastaðavegur, af Stykkishólmsvegi sunnan Kaldár að Snorrastöðum.
4. Hraunsmúlavegur, af Stykkishólmsvegi norðan Kaldár um Kaldárbakka að Hraunsmúla.
5. Haukatunguvegur, af Hnappadalsvegi hjá Kolbeinsstöðum að Haukatungubæjum.
6. Mýrdalsvegur, af Hnappadalsvegi norðan Fjósatjarnar að Mýrdal.
7. Stórahraunsvegur, af Stykkishólmsvegi niður með Haffjarðará að sunnan að Stórahrauni.
8. Syðri-Rauðamelsvegur af Hnappadalsvegi um Rauðhálsahraun að Syðri-Rauðamel.
9. Brúarhraunsvegur, af Þjóðvegi vestan Hítarár heim að Brúarhrauni.
10. Mýrdalsréttarvegur, af Hnappadalsvegi.
11. Hafursstaðavegur.
12. Syðstugarðavegur.

Eyjahreppur:

13. Höfðavegur, af Þjóðveginum vestan Rauðamels og Réttarskarðs um Sanda að Höfða.
14. Þverárvegur, af Stykkishólmsvegi austan við Þverá að Þverá.
15. Söðulsholtsvegur, af Stykkishólmsvegi vestan Núpár að Söðulsholti.
16. Hrutsholtsvegur, af Stykkishólmsvegi niður með Hrutsholsgili að Hrutsholti.
17. Hólslandsvegur, af Stykkishólmsvegi að Hólslandi.
18. Þverárréttarvegur, af Þverárvegi að Þverárrétt.
19. Hrossholtsvegur, af Kolviðarnesvegi að Hrossholti.

Miklaholtshreppur:

20. Laxárbakkavegur, af Skógarnesvegi hjá Litluþúfu að Laxárbakka.
21. Kleifárvallavegur, af Stykkishólmsvegi vestan við Gröf að Kleifárvöllum með álmum að Svarfhóli.
22. Borgarvegur, af Stykkishólmsvegi vestan Kleifár að Borg.
23. Miðhraunsvegur, af Stykkishólmsvegi að vestan við Fáskrúð um Lækjamót að Miðhrauni.
24. Hjarðarfellsvegur, af Stykkishólmsvegi að Hjarðarfelli.

25. Straumfjarðartunguvegur, af Ólafsvíkurvegi austan Straumfjarðarár að Straumfjarðartungu.
26. Borgarholtsvegur, af Stakkhamarsvegi að Borgarholti.
27. Hrísdalsvegur, af Ólafsvíkurvegi vestan við Straumfjarðará að Hrísdal.
28. Lágafellsvegur, af Ólafsvíkurvegi austan við Leirskál um Syðra-Lágafell að Ytra-Lágafelli.
29. Hörgsholtsvegur, af Miðhraunsvegi með álmu að Lækjarmóti.
30. Dalsvegur, af Stykkishólmsvegi.

Staðarsveit:

31. Gaulárvegur, af Ólafsvíkurvegi hjá Leirskál að Gaul.
32. Traðavegur, af Ólafsvíkurvegi hjá Traðavörðu að Tröðum.
33. Ytri-Tuguvegur, af Ólafsvíkurvegi að Ytri-Tungu.
34. Hagavegur, frá Ólafsvíkurvegi hjá Hofgörðum að Haga.
35. Barðastaðavegur, af Ólafsvíkurvegi hjá Urriðaá vestur með sjó að Barðastöðum.
36. Bláfeldarvegur, af Ólafsvíkurvegi um Bláfeld að Bláfeldarrétt.
37. Böðvarsholtsvegur, af Ólafsvíkurvegi að Böðvarsholti.
38. Kálfárvallavegur, af Ólafsvíkurvegi að Kálfárvöllum.
39. Tjaldbúðavegur, af Ólafsvíkurvegi að Tjaldbúðum.

Breiðvíkurhreppur:

40. Knarrarvegur, af Útnesvegi að Knerri.
41. Miðhúsavegur, af Útnesvegi vestan Knarrartungu um Húsanes að Miðhúsum.
42. Liltuhnausavegur, af Útnesvegi austan Hnausahrauns að Litluhnausum.
43. Arnarstapavegur, frá félagsheimili niður að höfn.
44. Skjaldartraðavegur, af Hellnavegi að Skjaldartröð.
45. Bárðarbúðarvegur, frá enda Hellnavegar um Laugabrekku, Gíslabæ og að Bárðarbúð.
46. Dagverðararvegur, af Útnesvegi að Dagverðará.
47. Malarrífsvegur, af Útnesvegi hjá prestsvörðu að Malarrífi.
48. Grafarréttarvegur, af Útnesvegi að Grafarrétt.

Neshreppur utan Ennis.

49. Vaðstakksheiðarvegur, af Hellissandsvegi á Torfholti að Vaðstakksheiði.
50. Vegur að Hraunskarðsrétt, að Hellissandsvegi.

Ólafsvíkurhreppur:

51. Vegur af Ólafsvíkurvegi að Ólafsvíkurrétt.

Fróðárhreppur:

52. Brimilsvallaréttarvegur, af Þjóðvegi að Brimilsvallarétt.

Eyrarsveit:

53. Kirkjufellsvegur, af Grundarfjarðarvegi vestan Kirkjufellsár.
54. Hálsvegur, af Kirkjufellsvegi að Hálsi.
55. Grundarréttar- og Grundarvegur af Grundarfjarðarvegi austan Grundar að Grundarrétt.
56. Vatnabúðarvegur, af Framsveitarvegi um Móabúð að Vatnabúðum.
57. Garðsendavegur, af Framsveitarvegi að Garðsenda.
58. Kvíabryggjuvegur, af Þjóðveginum við vestanverðan Hálsvaðal að Krossnesi, með álmu um Lárkot að Mýrarhúsum.

Stykkishólmur.

59. Ögurvegur, frá Stykkishólmsvegi í Nesvogshotni um Ögur í Jónsnes.

Helgafellssveit:

60. Hraunhálsvegur, af Helgafellssveitarvegi að Hraunhálsi.
61. Staðarbakkavegur, af Helgafellssveitarvegi að Staðarbakka.
62. Gríshólsvegur, af Stykkishólmsvegi að Gríshóli.
63. Arnarstaðarvegur, af Stykkishólmsvegi sunnan Arnarstaðarvogs að Arnarstöðum.
64. Hofstaðavegur, af Stykkishólmsvegi norðan Helgafellsvegar að Hofstöðum.
65. Sauraskógarvegur, um Saura af Stykkishólmsvegi.
66. Hólavegur, af Skógarstrandarvegi að Hólum.
67. Hrisakotsvegur, af Skógarstrandarvegi að Hrisakoti.
68. Kársstaðavegur, af Skógarstrandarvegi í Álftafjarðarbotni að Kársstöðum.
69. Berserkjahraunsvegur, af Helgafellssveitarvegi að Berserkjahrauni.

Skógarstrandarhreppur:

70. Hólmlátursvegur, af Skógarstrandarvegi að Hólmlátri.
71. Borgavegur, af Skógarstrandarvegi um flugvöll að Borgum.
72. Innra-Leitisvegur, af Skógarstrandarvegi að Innra-Leiti.
73. Bilduhólsvegur, af Skógarstrandarvegi að Bilduhóli.
74. Vörðufellsvegur, af Skógarstrandarvegi að Vörðufelli.
75. Keisbakkavegur, af Skógarstrandarvegi að Keisbakka.
76. Valshamarsvegur, af Skógarstrandarvegi að Valshamri.
77. Ósvegur, af Skógarstrandarvegi að Ósi.
78. Klungurbrekkuvegur, af Skógarstrandarvegi að Klungurbrekku.
79. Haukabrekkuvegur, af Skógarstrandarvegi að Haukabrekku.
80. Stóra-Langadalsvegur, af Ytra-Leitisvegi að Stóra-Langadal.
81. Drangavegur, af Skógarstrandarvegi að Dröngum.

3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar andvirði þriggja dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember næsta ár áður en gjaldið er lagt á. Ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. marz. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði, eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð samkv. 21. gr. vegalaga niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð, eða jarðarhluta, en er þó ekki útsvarsskyldur, eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð.

Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 6 af þúsundi af virðingarverði mannvirkja en 12 af þúsundi af virðingarverði landa og lóða, hvort tveggja miðað við fasteignamat. Gjald, sem ekki nær samtals kr. 50.00, falli niður.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Undanskildar vegaskatti samkv. 23. gr. vegalaga eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar. Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sýslunefndar, að ákveða, að eyjar, sem eru sjálfstæð hreppsfélög, greiði ekki framlag til sýsluvegasjóðs, enda annast hreppsfélagið sjálft um vegakerfi sitt að öllu leyti.

8. gr.

Í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal helmingur sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Gera skal sýsluvegaáætlun til fjögurra ára í senn og miða hana fyrir sama tímabil og vegaáætlun fyrir þjóðvegi. Vegamálastjóri semur frumdrög að slíkri áætlun í samráði við sýslunefnd, og skal hún tekin fyrir og afgreidd á sýslufundi til samþykktar. Öðlast áætlun þessi gildi, er samgöngumálaráðherra hefur staðfest hana. Sýsluvegaáætlun skal endurskoða, er hún hefur gilt í tvö ár.

10. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikninga sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi árs, svo og áætlun um gjöld sýsluvegasjóðs með hlíðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir skv. 9. og 10. gr., svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

11. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 100 þús. kr. nema þyngri hegning liggi við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

13. gr.

Með samþykkt þessari er numin úr gildi samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Snæfellsness- og Hnappadalssýslu nr. 7 frá 9. janúar 1963.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 8. október 1965.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.